

Vísuþotnar sem voru á meðal þeirra bestu á yngsta stigi

Komdu hingað, kisa mín,
kúrum hérna saman.

**Læðan litla heitir Hlín,
laglega fína daman.**

Bjartey Ósk Sæþórsdóttir, 4. bekk Grunnskóla Vestmannaeyja

Margt er gott að glíma við,
gaman er að lita.

**Ég hef góðan vinnufrið,
það er gott að vita.**

Júlía Heiðrós Halldórsdóttir, 4. bekk Álfhólsskóla Kópavogi

Komdu hingað, kisa mín,
kúrum hérna saman.

**Aldrei vil ég appelsín,
höfum bara gaman.**

Örvar Elí Pierreson, Laugalandsskóla í Holtum

Margt er gott að glíma við,
gaman er að lita.

**Ég mun ekki borða svið
en kannski mun ég rita.**

Víkingur Almar, Laugalandsskóla í Holtum

Margt er gott að glíma við,
gaman er að lita.

**Ekki hafa mikinn klið
á meðan ég er að rita.**

Kristín Birna, 3. bekk Snælandsskóla Kópavogi

Komdu hingað, kisa mín,
kúrum hérna saman.

**Mér finnst þú svo ósköp fín,
hjá okkur er alltaf gaman.**

Nemendur í 3. ÍDH, Glerárskóla Akureyri

Komdu hingað kisa mín,
kúrum hérna saman.

**Gerum saman grín
og þá verður gaman.**

Íris Hekla Sigurðardóttir, Selásskóla í Reykjavík

Komdu hingað, kisa mín,
kúrum hérna saman.

**Rosalega ertu fín
litla sæta daman.**

Tinna Mjöll Auðunsdóttir, 3. bekk Sæmundarskóla í Reykjavík

Komdu hingað, kisa mín,
kúrum hérna saman.

**Þú ert alltaf sæt og fín,
á hverri árstíð gaman.**

Esther Emilía Bjarkadóttir, 3. bekk Sæmundarskóla í Reykjavík

Komdu hingað, kisa mín,
kúrum hérna saman.

**Falleg er litla rófan þín,
höfum mikið gaman.**

Elmar Elí Eiríksson, 3. bekk Sæmundarskóla í Reykjavík

Komdu hingað, kisa mín,
kúrum hérna saman.

**Þú ert falleg og fín,
förum og höfum gaman.**

Aron Ingi Gunnlaugsson, 3. bekk Sæmundarskóla í Reykjavík

Margt er gott að glíma við,
gaman er að lita.

**Í skólanum fáum við frið,
flest til að teikna og rita.**

Aron Ingi Gunnlaugsson, 3. bekk Sæmundarskóla í Reykjavík

Margt er gott að glíma við,
gaman er að lita.

**Mér finnst gott að borða svið,
á því er mikil fita.**

Margrét Kolbrún Örvarsdóttir, 3. bekk Sæmundarskóla í Reykjavík

Margt er gott að glíma við,
gaman er að lita.

**Saman förum við á svið,
ætlum þar að strita.**

Herdís Lóa Hannesdóttir, 3. bekk Sæmundarskóla í Reykjavík